

Skógarvörðurinn á Norðurlandi:

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð 1 9 3 1.

Borsteinn Daviðsson.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Norðurlandi fyrir árið 1931.

S k ó g a r h ö g g:

í Vaglaskógi var höggvið á árinu:

Eldiviður til sölu	78	hestburðir
Selt skógarhöggsleyfi	125	"
Eldiviður skógarvarð.	135	"
Samt.	<u>338</u>	hestburðir.

(f. 0/50 hestb.)

Af þeim skógvíð sem seldur hefir verið voru 60 hestburðir seldir Akureyrarbae í undirstöðu fyrir Leirugarðinn sem verið er að byggja. Þessi viður og um helmingur af því sem menn hafa fengið að höggva sér til eldiviðar, hefir verið höggvið út og niður ofan við efribraut, sunnan við Kúalág. Sunnan við Klettlæk hafa verið höggnir um 50 hestb. Eldiviður skógarvarðar hefir allur verið höggvinn efst í skóginum við Skökkulág skammt sunnan við Brandhúsgróf.

Í Sigriðarstæðaskógi hefir verið höggvið 30 hestburðir.

G r æ ð i r e i t u r:

Afhent var úr reitnum:

Birki	2	pl.
Reynir	<u>378</u>	-
Alls	<u>380</u>	stk.

Umplantað var um 1300 lerkiplöntum og ögn af reyni. Engu fræi hefir verið sáð, því vorið kom sáint og var ákaflega óhagstætt. Það byrfti því að sá töluverðu í vor. Ég hefi fengið ofurlitið af reyniberjum safnað hér í Gróðrarstöðinni á Akureyri. En mér virðist fræið vera illa broskað og því tæplega að treysta á það eingöngu. Vildi ég því fá ögn af fræi frá Noregi eða Danmörku a. m. k. sorbus aucupana, ef þér hafið ekkert á móti því. Jafnvel lika eitthvað af birkifræi. Ég álit að eftirspurnin eftir plöntum máni fara vaxandi á næstu árum og er þá ilt að hafa ekki nóg til að afgreiða. Skuggarammarnir í græðireitnum eru allir því nær ónýttir og væri því nauðsynlegt að fá eitthvað af nýjum römmum fyrir vorið.

Ý m i s l e g t:

Í haust létt ég safna ögn af fræi í skóginum þó það væri fremur lítið. Er það geymt hér 13 kg. Þurt og hreinsað. Ofurlitið af fræi hefir þegar verið pantað hjá mér, og vildi ég biðja yður að láta mig vita hvort ég megi ekki selja af þessu og þá fyrir hvaða verð.

Þak hefir verið sett á hlöðuna og fjárhúsin úr borðum, pappa og bárujárni. Útveggir hlöðunnar byggðir upp að mestu leyti úr járn-

bentri steinsteypu og húðaðir að utan. Mölin í steypuna var grafin upp úr hlöðunni og hefir hún því stækkað nokkuð.

Við fjósið hefir verið byggð þvaggrýfja með þaki, úr járn-bentri steinsteypu. Er leiðsla fyrir þvagið úr flórnnum í gryfjuna. í kjallara íbúðarhússins hefir verið steypt gólf og sett í hann skilrum. Er annar helmingurinn innréttarður fyrir þvottahús. Hefið verið lögð skoðpleiðsla þaðan og úr eldhúsi og vaski settur í eldhúsið.

Vöglum 17. jan. 1932.

Með vinsemdu og várðingu,

Borsteinn Davíðsson.